



Styrkveiting til Námsefnisbankans.

Námsefnisbankinn er lítið sprotafyrirtæki á Selfossi sem stefnir á að gjörbreyta skólaumhverfi á Íslandi á næstu árum.

Námsefnisbankinn tók þátt í nýsköpunar- og frumkvöðlakeppninni Gulleggið á vegum Klak Innovit og komst þar í tíu liða úrslit af rúmlega 250 umsækjendum. Þar hlutum við hvatningarverðlaun Samtaka Atvinnulífsins og vorum hvattir til að láta verkefnið verða að veruleika.

Ein stærsta hindrunin í framþróun skólastarfs er skortur á tíma til undirbúnings og aukið álag. Við teljum að Námsefnisbankinn muni að miklu leyti leysa þetta vandamál með því að búa til vettvang þar sem kennarar geta deilt verkefnum sínum á milli og unnið saman þvert yfir landið. Stór og góður gagnabanki mun ennfremur gera starf kennara skilvirkara, einfaldara og fellur vel, bæði að nýju vinnumati grunnskólakennara og nýrri Aðalnámskrá Grunnskólanna.


Við höfum farið í heimsóknir í nokkra skóla og kynnt hugmyndir okkar fyrir kennurum, einnig höfum við kynnt verkefnið fyrir Fræðslunefnd Árborgar og Skóla- og Velferðarþjónustu Árnesþings. Höfum við allstaðar hlitið góðar móttökur en við teljum **suðurland vera kjörið til að hefja innleiðingu á Námsefnisbankanum og viljum við að suðurland allt verði í fararbroddi um nýjar leiðir í kennslu og námi. Því óskum við eftir að Rangárþing Ytra styrki Námsefnisbankann um 200.000 kr. Sá styrkur myndi svo koma til baka sem inneign í áskriftarleiðum fyrir skóla sveitarfélagsins þegar síðan opnar.**

Í dag er tækifæri til að nútímavæða skólanna og taka skref í átt skilvirkara og betra skólakerfi fyrir nemendur. Öflugur Námsefnisbanki er ekki bara fjárfesting fyrir sveitarfélögin heldur líka möguleg leið til að lækka kostnað við hvern nemanda á sama tíma og hægt verður að auka fjölbreytni í námi.

Með von um jákvæð og góð viðbrögð fyrir hönd Námsefnisbankans.
Leifur Viðarsson, Már Ingólfur Másson og Óskar Eiríksson.




Leifur Viðarsson
Framkvæmdastjóri Námsefnisbankans



Már Ingólfur Másson
Stjórnarformaður Námsefnisbankans

Umsókn um styrk.



Berist til sveitarstjórnar.

Meðfylgjandi er umsókn til sveitarfélagsins um styrkveitingu til Námsefnisbankans.

Við óskum eftir að málið sé tekið fyrir af sveitarstjórn sem fyrst.

Svar við styrkbeiðninni sendist á namsefnisbankinn@gmail.com

Fh. Námsefnisbankans.

Leifur Viðarsson og Már Ingólfur Másson

020579-2939